



Pési

ATH!!Næsti Pési kemur út í júní Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.júní



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Gegnir




leitir.is

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á



Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: [http://](http://bokasafn.fludir.is/)

bokasafn.fludir.is/



Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

maí 2018
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
326.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og þetta árið verður hann líka kosningamánuður. Tvö framboð eru komin fram til sveitarstjórnar þannig að það verður gaman að fylgjast með niðurstöðunni á kosningavökunni sem haldin verður í Félagsheimilinu þegar kjörstað lokar. Þar verður einnig hægt að fylgjast með kosningasjónvarpi á landsvísi þannig að vonandi verður þetta skemmtileg kosningavaka. Kjörstaður verður eins og venjulega í Félagsheimilinu á kosningadag en ef fólk ætlar hins vegar að kjósa utan kjörstaðar í sveitarstjórnarkosningunum verður fólk að fara til sýslumannsins á Selfossi. Vil ég hvetja fólk til að nýta sér kosningarétt sinn enda er hann lýðræðisleg aðferð til að hafa áhrif á sitt samfélag.

Nú liggur fyrir ársreikningur fyrir árið 2017 og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam tæpri 31,5 millj. sem er mjög svipað og áætlanir gerðu ráð fyrir. Það tókst þrátt fyrir að sveitarfélagið þyrfti að bókfæra tæpar 29 millj. vegna lífeyrisskuldbindinga vegna Brúar lífeyrissjóðs. Helstu ástæður þess að svona tókst til eru auknar tekjur ríkisins sem koma til okkar úr jöfnunarsjóði og einnig hafa tekjur vegna útsvars aukist talsvert. Þá eru einnig jákvæð áhrif af lágri verðbólgu og það verður seint ofmetið að halda verðbólgu draugnum niðri. Kostnaður hefur samt aukist á milli ára og þar vegur þyngst áhrif kjarasamninga og aukning viðhaldsverkefna. Það er samt ánægjulegt að áætlanir um útgjöld reyndust nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið skynsamlega og að afgangur dugi helst fyrir venjulegum fjárfestingum og við erum því í betri stöðu á þessu ári að fara í framkvæmdir án lántöku. Skuldahlutfall sveitarfélagsins lækkaði einnig á síðasta ári úr 78% í 76% en það voru engin lán tekin á árinu 2017 nema 30 millj. vegna Hrunaljóss.

Það er gaman að sjá hvað það er mikill kraftur í húsbyggingum þessa dagana og töluvert í pípunum. Á það bæði við um þéttbýlið og dreifbýlið og það er afar ánægjulegt að sjá hvað ungt fólk er útsjónarsamt og öflugt að byggja sér íbúðarhúsnæði á bæjartorfunum í dreifbýlinu. Þá er húsið hans Guðmundar á Sóleyjarbakka við Félagsheimlið farið að taka á sig mynd og parhúsið hjá Hús og stigum komið vel á veg.

Síðan er það spennandi verkefni sem Úlfar Harðarson er að vinna að á tjaldsvæðislóðinni, þ.e. svokölluðu „unglingatjaldsvæði“ sem eflaust fáir sjá eftir. Vonandi ganga áform hans eftir en ljóst er að þessi staðsetning er mjög góð fyrir „verslunarmiðstöð“

Þá er verkefni Flúðaorku um framleiðslu á rafmagni úr Kópsvatnsholunni á fullri ferð og verður mjög spennandi að sjá hver útkoman verður. Annars hefur holan verið látin malla í vetur og lítur vel út en hitastigið í henni virðist núna vera um 117-118°C. Síðan mjakast ljósleiðaraverkefnið áfram en enn er verið að stilla upp nokkuð endanlegum drögum að lagnaleiðunum með Gröfútækni. Það tefur því miður aðeins samskipti við íbúa að Guðmundur verkefnisstjóri Hrunaljóss hefur verið frá vegna veikinda en nú loksins er karlinn kominn á rétt ról. Við hefðum viljað sjá þetta gerast hraðar en auðvitað er aðalmarkmiðið að vel takist til þegar upp er staðið og samráð við íbúa og landeigendur verði sem mest.

Einn er sá málaflökkur sem maður þarf ávallt að minna sjálfan sig og aðra á að sinna vel. Það eru nú blessuð úrgangsmálin. Nú hefur verið skrifað undir viljayfirlýsingu milli sorpsamlagana fjögurra á Suðvesturhorninu en vonandi tekst að skapa góða samstöðu um þetta risavaxna verkefni. Í tilefni rusladagsins þann 11. maí n.k. vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort sem það er í skipulagðri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflökkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar. Við viljum fá sem flestan úrgang frá aðilum innan sveitarfélagsins á gámasvæðið á Flúðum eða á grenndarstöðvar okkar.

Það var afar ánægjulegt að Hrunamannahreppur fékk Landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar árið 2018 fyrir seyruverkefnið á „Seyrustöðum“. Þó við séum nú í og með að taka við þessari viðurkenningu líka fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum, Flóa og nú Ásahreppi eigum við samt ákveðið frumkvæði að þessu. Þá er einnig ánægjulegt að öflugt starf UMFH er enn og aftur að skila afreksfólki í íþróttum sem skilar sér í landslið Íslands. Nú voru valin í landsliðsverkefni U-15 í körfubolta þau Una Bóel Jónsdóttir, Eyþór Orri Árnason og Aron Ernir Ragnarsson. Þó mér sé málið pínulítið skylt óska ég krökkunum til hamingju með árangurinn og við foreldrar eigum mikið að þakka því starfi sem er unnið innan UMFH.

Síðan er að minnast á það sem miður hefur farið en það er frekar svekkjandi að verið sé að skemma bekki og ýmislegt á leikskólalóðinni. Þá gerist ýmislegt einkennilegt eins og að húsbíl sé lagt bak við Flúðaskóla og umgengnin eftir því. Þá verður að segjast að manni finnst alltof mikið af hraðakstri á Flúðum og minni ég á að hraði í íbúðargötum er 30 km/klst og 50 km/klst á öðrum götum. Þá hefur verið á ferðinni „buggy bíll“ sem hefur vægast sagt valdið skemmdum utan vegar. Minni ég á að sektir vegna umferðarlagabrota hafa hækkað verulega núna 1. maí og ætti að vera hvatning að halda sig á löglegum hraða. Vonandi getum við síðan loksins bætt hraðamerkingar á götunum á Flúðum núna í sumar. Þá verður að segjast að enn og aftur er umgengni við Hrunalaug til skammar og er óskiljanlegt hvernig fólk getur gengið þar um og víst er að ýmsir eru hugsuð yfir framtíð þessa fallega staðar. Bið ég alla sem verða varir við svona óæskilega hegðun að láta viðeigandi aðila vita.

Að lokum vil ég minna á íbúafund sem haldinn verður í kaffistofunni í Félagsheimilinu miðvikudaginn 16. maí kl. 20:00. Þar verður fjallað um niðurstöðu ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2017 og einnig verður farið yfir deiliskipulagsdrög fyrir Gröf. Hvet ég alla áhugasama að mæta til skrafs og ráðagerða um málefni sveitarfélagsins.

Eigum góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 11. júní til og með 13. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2002–2004.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 18. maí á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is



Höfum tekið í umboðssölu fóður frá
Josera og deheus
Verið velkomin til okkar
Árni ehf Smiðjustíg 6



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bill með drifi á framöxli

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



H-listinn býður fram!

Að H-listanum standa öflugir einstaklingar, sem búa að fjölbreyttri reynslu og menntun. Þau eiga það þó sameiginlegt að vera tilbúin til að vinna af krafti fyrir sveitarfélagið með hagsmuni allra að leiðarljósi.

Á listanum er góð blanda að nýliðun og reynslu en þetta er í 5. sinn sem H-listinn býður fram í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnarmenn H-listans hafa átt farsælt samstarf við fulltrúa, starfsmenn og aðra aðila á líðandi kjörtímabili og sýnt að þeim er treystandi. Verkefni kjörtímabilsins hafa verið ærin og hefur stórum stefnumálum H-listans verið hrint í framkvæmd.

Það er von allra sem standa að framboði H-listans að sveitungar sjái sín áherslumál í stefnuskrá listans og þannig komið þeim í framkvæmd með atkvæði sínu.

Eftirfarandi skipa H-listann:

1. Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti
2. Sigurður Sigurjónsson, pípulagningamaður
3. Kolbrún Haraldsdóttir, sérkennari og þroskaþjálfari
4. Aðalsteinn Þorgeirsson, bóndi
5. Elsa Ingjaldsdóttir, stjórnsýslufræðingur
6. Björgvin Ólafsson, landbúnaðarverkamaður
7. Guðríður Eva Þórarinsdóttir, dýralæknir
8. Daði Geir Samúelsson, verkfræðinemi
9. Bogi Pétur Eiríksson, bóndi
10. Unnsteinn Eggertsson, framkvæmdastjóri

Helstu áherslur og stefnumál H-listans verða send sveitungum og kynnt sérstaklega en fylgjast má með framboðinu og stefnumálum þess á fésbókinni - H-listinn (<https://www.facebook.com/Hlisti.Hrun/>)





BORG Í SVEIT

2. júní



ALVÖRU SVEITADAGUR

www.gogg.is

[www.facebook/Borg í sveit](http://www.facebook/Borg%20%C3%AD%20sveit)

www.sveitir.is

Upplýsingar um ferðaþjónustu
og viðburði í Uppsveitunum

Stjórn Hrossaræktarfélags Hrunamanna boðar til aðalfundar félagsins 15.maí næstkomandi. Fundað verður í veitingasal reiðhallarinnar og hefst fundur kl 20:30.

Dagskrá Fundar:

- * Hefðbundin aðalfundarstörf
- * Reikningar lagðir fram
- * Stjórnarkjör, kosið um einn mann til þriggja ára
- * Lagðar verða fram tillögur að breytingum um reglur er varðar verðlaunaveitingu kynbótahrossa.
- * Önnur mál

SMARI



Útreiðartúr

Kæru Smárafélagar og aðrir hestamenn! Takið frá laugardaginn 11.ágúst fyrir útreiðartúr Hestamannafélagsins Smára.

Nánar auglýst þegar nær dregur:)

Útreiðarnefnd Smára



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímamantanir í síma: 863 0433

Opið fimmtudagana: 17. maí, 7. júní og 14. júní

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

VORTÓNLEIKAR TVEGGJA KÓRA

VERALDLEG & ANDLEG TÓNLIST

KIRKJUKÓRAR

HRUNA- OG HREPPHÓLASÓKNA
STJÓRNANDI: STEFÁN ÞORLEIFSSON

ODDA- OG ÞYKKVABÆJARKIRKNA
STJÓRNANDI: KRISTÍN SIGFÚSDÓTTIR



HLJÓMSVEIT:

ANNA ÞÓRNÝ SIGFÚSDÓTTIR: SAX & KLARINET

LOFTUR ERLINGSSON: BASSI

STEFÁN ÞORLEIFSSON: HLJÓMBORD

UNNSTEINN EGGERTSSON: TROMMUR

EINSÖNGVARAR:

KRISTÍN ERLA INGIMARSDÓTTIR

LOFTUR SN MAGNÚSSON

MÁNUDAGSKVÖLD 14. MAÍ KL. 20:30 Í SKÁLHOLTSKIRKJU
ÓKEYPIS AÐGANGUR



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotubúnd frá landnámi

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf





Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



HRUNAPRESTAKALL

Ágætu sveitungar.

Fermingum þetta árið lýkur á hvítasunnu, 20. maí. Fermingarborn þá eru sem hér segir:

Í Hrepphólakirkju 20. maí kl. 11:

Haukur Arnarsson, Gunnbjarnarholti, 801 Selfossi
Hjörtur Snær Halldórsson, Hrepphólum, 846 Flúðum
Sonja Ýr Benediksdóttir, Miðfelli 1, 846 Flúðum
Vignir Öxndal Ingibjörnsson, Auðsholti 5, 846 Flúðum

Í Hrunakirkju 20. maí kl. 13:30:

Andrea Ósk Harradóttir, Akurgerði 3, 845 Flúðum
Hringur Karlsson, Vesturbrún 9, 845 Flúðum
Ingibjörg Bára Pálsdóttir, Árbæ, 846 Flúðum
Óskar Snorri Óskarsson, Hruna, 846 Flúðum
Þórey Þula Helgadóttir, Vesturbrún 13, 845 Flúðum

Sameiginleg messa uppsveitasóknanna verður í Skálholtsdómkirkju á uppstigningardegi, degi eldri borgara, 10. maí nk. Kaffiveitingar á eftir. Sunnudagana 3. og 10. júní verða sumarguðsþjónustur í Hruna og á Stóra-Núpi. Nánar um þær og kirkjustarfið á hruni.is og á [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall).

Að lokum vil ég nefna eftirminnilega tónleika og vinafund þriggja kóra helgina 20.-22. apríl sl.; Söngfjelagsins í Reykjavík, Kirkjukórs Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna og kirkjukórs Laugalandsprestakalls í Eyjafirði. Kórarnir fluttu á tónleikum í Árnasi verkið Fuglakabarett eftir þá félagi Hjörleif Hjartarson og Daníel Þorsteinsson, sem báðir voru á staðnum og lögðu gott til í töluðu máli og spiluðu. Í framhaldinu var hátíðarkvöldverður, kvöldvaka og dansball með þátttöku allra kórfélaga og úr varð hin besta skemmtun. Ég þreytist ekki á að þakka fyrir öflugt kórastarf í okkar sveitum sem eflir menningu, vináttu og gleði langt út fyrir það sem við gerum okkur grein fyrir.

Gleðilegt sumar!

Óskar Hafsteinn Óskarsson

sóknarprestur



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Open everyday from 11.00 – 21.30
Opið alla daga frá kl. 11.00 – 21.30

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel

Tel. 486-6454 – info@kaffisel.is



Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2018 Föstudaginn 11. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjáls þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Kristínar Erlu Ingimarsdóttur. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Í lokin er þátttakendum síðan boðið í grillveislu í

Lækjargarðinum á Flúðum

Með vinsemd og virðingu,
Umhverfisnefnd og

Kristín Erla Ingimarsdóttir, Ruslamálaráðherra 2018.



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktafi

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Firmakeppni Smára var haldin 1.maí að vanda á félagssvæði hestamannafélagsins í Torfdal Flúðum. Firmakeppnin okkar er stór þáttur í fjáröflun fyrir félagið svo hægt sé að byggja upp betra starf, bæta aðstöðuna okkar í Torfdal og efla æskulýðsstarfið. Þátttaka var ágæt og lögðu fjölmargir ferð sína til þess að horfa á og hitta féлага yfir kaffibolla. Við þökkum öllum þeim sem keyptu firma fyrir stuðninginn, gott að hafa sterkt bakland þar. Einnig þökkum við öllum keppendum, dómurum, þulum, áhorfendum og auðvitað Hollvinum sem standa vaktina í veitingasalnum kærlega fyrir góðan dag.

Kveðja stjórnin

Úrslit í einstökum greinum og síðan nöfn þeirra, sem studdu Smára með kaupum á firma

Pollaflokkur

Lilja María Axelsdóttir Varða frá Syðri-Gróf
Páll Axel Axelsson Sóla frá Syðri-Gróf
Filip Ingvi Stefánsson Keisari frá Ásatúni
Adrian Valur Stefánsson Keisari frá Ásatúni
Hildur Eva Gísladóttir Hekla frá Ásatúni
Emma Rún Sigurðardóttir Birta frá Syðra-Seli
Svava Marí Þorsteinssdóttir Spuni frá Syðra-Langholti



Unglingaflokkur

- 1.Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ, keppti fyrir Hrunamannahrepp.
- 2.Þórey Þula Helgadóttir Gjalp frá Hvammi, keppti fyrir Kúabúið Haga .
- 3.Hjörtur Snær Halldórsson Gjölf frá Hrepphólum, keppti fyrir Bolette Hæli.

Ungmennaflokkur

- 1.Elís Arnar Jónsson Hrefna frá Haukholtum, keppti fyrir Blesastaðir 1.A

Kvennaflokkur

- 1.Erna Óðinsdóttir ,Sólou frá Völlum,keppti fyrir Garðyrkjustöðin Hvammur 2.
- 2.Hildur Sigurðardóttir ,Ósa frá Ósabakka, keppti fyrir Hófadynur ehf.
- 3.Elín Moqvist, Hekla frá Ásbrekku, keppti fyrir Gröfutekni.
- 4.Elísabet Thorsteinsdóttir, Sóla frá Syðri- Gróf, keppti fyrir Hæll ehf.
- 5.Krístín Magnúsdóttir ,Undri frá Ósabakka, keppti fyrir Sigurð Kárason Öxl.

Karlaflokkur

- 1.Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson ,Sólroði frá Syðra- Langholti, keppti fyrir Hrafnhildur og Oddur Stöðufelli.
- 2.Gunnar Jónsson ,Ljúfur frá Skeiðháholti,keppti fyrir Hrossaræktunarbúið Hlemmiskeiði 3.
- 3.Einar Einarsson ,Brák frá Heiðarbrún, keppti fyrir Svína og fjárbúið Haga.
- 4.Vilmundur Jónsson ,Mósa frá Skeiðháholti ,keppti fyrir Guest House Syðra-Langholti
- 5.Jökull Helgason, Snoddas frá Ósabakka ,keppti fyrir Hvammur 1.

Heldri manna og kvennaflokkur

- 1.Ástrún Davíðson, Jómfrú frá Húsatóftum,keppti fyrir Kúabúið Stóru- Mástungu.
- 2.Jón Hermannsson, Kakali frá Arnarholti, keppti fyrir Grís og Flesk.
- 3.Hörður Úlfarsson, Von frá Flúðum, keppti fyrir Jón og Þorgeir Efri-Brúnavöllum.
- 4.Grímur Guðmundsson, Prins frá Ásatúni keppti fyrir Harri Hamar feti framar.

Skeið

- 1.Þorvaldur Logi Einarsson, Ísdöggi frá Miðfelli, keppti fyrir Norðurgarður ehf.
- 2.Helgi Kjartansson, Þótti frá Hvammi, keppti fyrir Kjöt frá Koti

Akrírmálun ehf
Auðsholtbúið
Áhaldahúsið Steðji
Álftröð gistihemili
Ásarafr
Ásólfstaðir hollyday home
Baldvin og Þorvaldur ehf
Bílar og lömb, Grafarbakka
Bjarni og Lára Blesast..2A
Blesastaðir 1A
Bolette Hæli
Bólfélagar
Búgarðurinn Brúnum
Búið og Gert
Búnaðarfélag Gnúpverja
Búnaðarfélag Hrunamanna
Benni og Lína Votumýri
Bökun Auðsholti
Dalbær 1
Birtingaholt 1
Eiríkur og Unnur Lía Vorsabæ
Ferðaþjónustan Steinsholti
Félagsheimilið Flúðum
Flúðajörfi
Flúðasveppir
Litla melabúðin
Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum
Fossi ehf
Fannborg,Hálendismiðst. Kerlingarfj
Fögrusteinar
Garðyrkjustöðin Hvammur II
Jörðin Jaðar ehf
Gröfutekni
Farmers Bistro
Guest house Saga Syðra-Langh.
Halla og Bikki Hæli
Harri Hamar, feti framar
Hitaveita Ásólfstaða ehf
Hitaveita Flúða
Hlemmiskeið 2 ehf
Hlíðarbúið
Hófadyrnur ehf
Hrafnhildur og Oddur Stöðufelli
Hraunteigur ehf
Hrepphólabúið
Hrossaræktarb.Hlemmiskeiði 3
Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2
Hrossaræktarbúið Miðfelli 5
Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2
Hrossaræktarfélag
HrunamannaHrunamannahreppur
Hrútaskían Ósabakka
Hugur og List
Hulda og Dóri, Hrepphólum

Nöfn þeirra, sem styrktu Hestamannafélagið Smára
með firmakaupum

Híalín silkiprent vinnustofa
Hæll ehf
Hvammur I
Högnastaðabúið
Ingvar og Svala Fjalli
Íþróttahúsið Flúðum
Jón Friðrik
Jón og Helga Skeiðháholti
Jón og Þorgeir Efri Brúnavöllum
Kjöt frá Koti
Grís og flesk
Kópsvatnsbúið
Kúabúið Haga
Kúabúið Kotlaugum
Kúabúið Stóru Mástungu
Land og hestar
Land og synir Garðyrkja ehf
Landstólpi ehf
Litli fiskikofinn
Lómstaðir
Magga og Palli, Núpstúni
Miðfellshestar, Adda og Einar Logi
Neslaug
Norðurgarður ehf
Núpsverk
Ólafsvellir
Pizzavagninn
Rabarbía Löngumýri
Rabarbaraflokkurinn
Reiðskólinn Vestra-Geldingaholti
Reykir
Sauðakofinn Fossnesi
Sauðfjarræktarbúið Syðra-Langholti
Sigurður og Anna Dóra Álfstöðum
Sigurður Ingi og Elsa, Syðra-
Langholti
Sigurður Kárasón Öxl
Silfurber
Strá ehf
Styrmir og Kristín Erla
Svína og fjárbúið Haga 2
Tamningast. Efri Brúnavöllum
Tómas Þórir Jónsson
Tré og straumur ehf
Túnsbergsbúið
Urðarholt hrossarækt
Útlaginn
Varmalækur
Verslunin Árborg
Veitandi
Vélaverkstæði Einaris
Vörðufell ehf
Þrándarholtsbúið
Þverspyrna

Fréttir af starfi UMFH

Íþróttamaður ársins

A aðalfundi UMFH sem fram fór miðvikudagskvöldið 25.apríl 2018 var íþróttamaður UMFH ársins 2018 útnefndur. Að þessu sinni var Máni Snær Benediktsson útnefndur úr hópi þeirra sem tilnefndir voru af deildum félagsins.

Þeir sem voru tilnefndir:

Sigríður Björk Marínósdóttir, blakkona.

Máni Snær Benediktsson, frjálsíþróttamaður.

Hafþór Ingi Ragnarsson, knattspyrnumaður.

Perla María Karlsdóttir, körfuknattleikskona.

Umsögn um Mána Snæ:

Máni Snær er mjög efnilegur og fjölhæfur íþróttamaður sem hefur verið í stöðugri framför. Hans sterkustu greinar eru hástökk og hlaup. Máni Snær náði fjórum Íslandsmeistaratitlum í flokki 15 ára pílta á árinu 2017.

Hann varð Íslandsmeistari í hástökki innanhúss þegar hann stökk 1,75 m, Íslandsmeistari í 3000m hlaupi utanhúss er hann hljóp á tímanum 9:55,49 mín og Íslandsmeistari í boðhlaupi með sveitum HSK, bæði innan- og utanhúss. Í 3000m hlaupinu á Meistaramótinu setti hann nýtt HSK met í flokki 15 ára. Á árinu setti Máni einnig HSK-met með boðhlaupsveit sinni.

Auk þessa hefur Máni Snær verið valinn í Úrvalshóp FRÍ fyrir árangur sinn í 3000 m hlaupi. Ekki vantaði hann mikið upp á lágmörkin í fleiri greinum því í hástökki vantaði hann einungis 1 cm og 20 hundruðustu til að ná lágmarkinu í 200m.

Máni Snær keppti á mörgum mótum á árinu og kom oftast en ekki heim með verðlaun. Við teljum Mána Snæ eiga framtíðina fyrir sér í frjálsum íþróttum með sama áframhaldi, enda einstaklega mikill íþróttamaður hér á ferð. Við þetta má bæta að Máni Snær stundar knattspyrnu af krafti með Umf. Selfoss og körfuknattleik hjá Umf. Hrunamanna.

Aðalfundur

Aðalfundur fór fram miðvikudagskvöldið 25.apríl. Eftir kosningu starfsmanna fundarins var íþróttamaður ársins útnefndur, Máni Snær Benediktsson. Að því loknu tóku við venjuleg aðalfundarstörf:

Skýrslur stjórnar

Árni Þór Hilmarsson les upp skýrslu stjórnar og Valdís Magnúsdóttir les upp ágreikning UMFH. Reikningar samþykktir.



Kosningar

Allir stjórnarmeðlimir gefa kost á sér nema Valdís Magnúsdóttir en hún hefur gengt starfi gjaldkera í stjórn. Stungið var uppá Sigurjóni Snæ Jónssyni í það starf og tekur hann við af Valdísi sem eru þökkuð góð störf í þágu ungmennafélagsins. Samþykkt með lófaklappi.

Stjórn UMFH er þannig skipuð:

Formaður: Jóhanna Briet Helgadóttir

Gjaldkeri: Sigurjón Snær Jónsson

Ritari: Dúna Rut Karlsdóttir

Meðstjórnendur: Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson.

Önnur mál:

Rætt um 1x2, þurfum að minna fólk á að merkja við sitt félag þegar „tippað“ er

Mætti afskrá gömul tæki í eigu UMFH, sett í hendurnar á nýjum gjaldkera.

Loksins er Ungmennafélagsgarðurinn skráður á UMFH og einnig íþróttavöllurinn.

Árni Þór sagði frá því að kominn væri samningur við JAKO um að fá fatnað á þjálfara frá þeim.

Komið er að körfuknattleiksdeild að finna fulltrúa í 17.júní nefndina.

Jóhanna Briet sagði frá Héraðsþingi HSK

Árni Þór sagði frá því að búið setja á laggirnar nefnd í sveitarfélögum Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps til þess að skoða möguleikana á auknu samstarfi í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Erfiðlega gengur að fá fólk til að starfa í stjórnnum deilda. Upp kom sú hugmynd að sameina eitthvað af stjórnnum en það þarf að finna einhverja lausn á þessu. En eitt er víst að ekki er hægt að halda úti öflugum starfi í núverandi mynd án aðkomu foreldra.

Árni Þór sem gengt hefur 20% starfi fyrir félagið segir starfi sínu lausu 1.ágúst.

Páskamót

Hið árlega páskamót frjálsíþróttadeildar fór fram laugardaginn fyrir páskadag eins og lög gera ráð fyrir. Þar var þátttaka að venju góð og jákvæður andi sem sveif yfir. Helstu afrek mótsins unnu þau Ingibjörg Bára Pálsdóttir og Haukur Arnarsson og fengu þau páskaegg að launum sem Árni ehf. gaf til verðlauna.



Scania cup

3 lið frá Hrunamönnum héldu til Sodertalje í Svíþjóð í slagtoyi með Þór Þ. á óopinbert Norðurlandamót félagsliða í körfuknattleik. Liðin fengu góða reynslu en bestum árangri náði lið 2003 stráka sem enduðu í 5.sæti í sínum árgang. Íþróttamennirnir sem héldu utan vilja koma á framfæri þökkum til þeirra fjölmörgu sem styrktu þau til ferðarinnar.

Landsliðsmenn í körfuknattleik

Þjálfarar U15 ára landsliðanna hafa nú valið sína lokahópa fyrir sumarið 2018. Alls eru 18 leikmenn valdir hjá stúlkum og drengjum sem skipa tvö 9 manna landslið og taka liðin þátt á Copenhagen-Invitational mótinu í Farum í Danmörku um miðjan júní.

3 leikmenn Hrunamanna eru í þessum hópi en þau Aron Ernir Ragnarsson, Eyþór Orri Árnason og Una Bóel Jónsdóttir fengu kallið að þessu sinni. Að auki var Ísak Júlíus Perdue, félagi strákanna í sameiginlegu liði Hrunamanna/Þórs, valinn í liðið.

Það eru þeir Ingvar Guðjónsson sem þjálfar stelpurnar og Hjalti Þór Vilhjálmsson sem þjálfar strákana. Atli Geir Júlíusson verður Ingvari til aðstoðar og Skúli Ingibergur Þórarinsson aðstoðar Hjalta Þór.

Þetta er sannarlega frábær árangur hjá þessum glæsilegu íþróttamönnum. Athygli vekur einnig að aðeins 2 félög eiga fleiri leikmenn í landsliðshópunum tveimur en Hrunamenn.

Góður árangur í körfunni

Á vormánuðum fara síðustu umferðir í Íslandsmótum fram, körfuknattleiksdeildin heldur úti öflugum starfi svo eftir er tekið á landsvísu. Vegna fámennis hefur deildin verið í samstarfi með sunnlenskum liðum í ýmsum árgöngum. Flest liðin eru að spila í sterkustu riðlum landsins og á dögnum náðu 7.flokks piltar silfri í sínu móti og voru hársbreidd frá því að landa þeim stóra eftir súrt tap gegn Haukum í framlengingu. Á næstu dögum leika stelpurnar í 10.flokki í undanúrslitum sem og stúlkur í 7.flokki



Öldungar á blakmóti

Blakdeild Hrunamanna sendi 3 lið til leiks á Blaka 2018 - öldungamóti í blaki ætluðum leikmönnum 30 ára og eldri. Alls voru keppendur Hrunamanna 27 á mótinu sem fór fram dagana 28.-30.apríl á Akureyri. Liðin stóðu sig öll vel. Kvinnaliðin 2 héldu sætum sínum í deild á meðan karlarnir gerðu sér lítið fyrir og unnu sig aftur upp í efstu deild eftir að fallið árið á undan. Strákarnir enduðu í 2.sæti í 2.deild og töpuðu aðeins þremur hrinum en unnu 10.



Knattspyrna

Áhugasamir fótboltaþráttar hafa mætt á æfingar í vetur undir stjórn Helga Valdimars Sigurðssonar og þau spiluðu við nágretta sína í Bisk og Laugdælum í Reykholti á dögnum. Það var skemmtileg upplifun fyrir þau og vonandi upphafið að öflugu knattspyrnusumri.

Fimleikar

Fimleikarnir byrjuðu á fullum krafti í haust með metþátttöku og boðið var upp á eina æfingu á viku fyrir tvo mismunandi aldurshópa. Haustönnin endaði með sýningu/opninni æfingu fyrir ættingja og mæltist það mjög vel fyrir. Iðkendur eru búnir að taka miklum framförum í vetur enda mjög áhugasamir. Vorönnin endar með vorsýningu þann 22.mái næstkomandi.

Sumarstarf

Eins og undafarin sumur mun UMFH bjóða upp á metnaðarfulla dagskrá í sumar. Dagskráin verður betur kynnt þegar nær dregur en þetta verður á boðstólum.

Sundnámskeið

Knattspyrnuæfingar

Körfuboltaæfingar

Leikjanámskeið

Frjálsíþróttæfingar

Sveitastjórnarkosningar í Hrunamannahreppi fara fram laugardaginn 26. maí 2018. Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna og hefst kosning kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00. Atkvæði verða talin á sama stað, strax að loknum kjöfundum.

Tveir listar verða í kjöri D- listi og H – listi.

Athugið að hægt er að kjósa utan kjörfundar á öllum sýsluskrifstofum landsins.

Meðfylgjandi eru listar frambjóðenda til sveitarstjórnarkosninga í Hrunamannahreppi.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Heiti lista: D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra

Listabókstafur: D

1. Jón Bjarnason Hvítárdal, búfræðingur, verktaki, ferða-og sauðfjárbóndi
2. Bjarney Vignisdóttir, Auðsholti 6, bóndi, hjúkrunarfræðingur, garðyrkjufraðingur og sveitarstjórnarmaður
3. Sigfríð Lárusdóttir, Hvammi 1, sjúkraþjálfari
4. Rúnar Guðjónsson, Melum, útskriftarnemi í ML og formaður Ungmennaráðs Suðurlands
5. Þröstur Jónsson, Högnastíg 8, húsasmíðameistari og garðyrkjubóndi
6. Asta Rún Jónsdóttir, Vesturbrún 5, grunnskólakennari og deildarstjóri leikskóla
7. Bjarni Arnar Hjaltason, Borgarási, búfræðingur
8. Hanna Björk Grétarsdóttir, Miðfelli 1, verslunarstjóri
9. Björgvin Viðar Jónsson, Dalbæ 1, hagfræðinemi við HÍ
10. Magnús Gunnlaugsson, Miðfelli 5, fyrrverandi bóndi og sveitarstjórnarmaður

Heiti lista: H-listinn

Listabókstafur: H

1. Halldóra Hjörleifsdóttir, Ásastíg 9, oddviti
2. Sigurður Sigurjónsson, Kotlaugum, pípulagningamaður
3. Kolbrún Haraldsdóttir, Norðurhof 5, sérkennari/ þroskaþjálfari
4. Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum, bóndi
5. Elsa Ingjaldsdóttir, Syðra-Langholti, stjórnsýslufræðingur
6. Björgvin Ólafsson, Hrepphólum, landbúnaðarverkamaður
7. Guðríður Eva Þórarinsdóttir, Ásastíg 8a, dýralæknir
8. Daði Geir Samúelsson, Bryðjuholti, nemi
9. Bogi Pétur Eiríksson, Birtingaholti 1, bóndi
10. Unnsteinn Logi Eggertsson, Efra-Seli, framkvæmdastjóri

Afréttargirðing.

Auglýst er eftir aðilum til að taka að sér viðhald á afréttargirðingu á Hrunamannaafrétti sumarið 2018.


Áhugasamir hafi samband

við sveitarstjóra

fyrir 25. maí í síma :

480 6600 eða á netfang:

jon@fludir.is





**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



**Félagsheimili Hrunamanna
Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018.**

Kjörfundur frá kl: 10:00-22:00

**Eftir að kjörfundi lýkur á kjördag þann 26.maí
verður kosningavaka í Félagsheimilinu.**

Allir velkomnir

Frá afhendingu landgræðsluverðlauna Landgræðslunnar.
Hrunamannahreppur hlaut verðlaunin fyrir seyruverkefnið.



Frá undirskrift um samstarf í úrgangsmálum milli
Sorpu bs, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf, Sorpstöðvar
Suðurlands og Sorpurðunar Vesturlands hf



ÍBÚAFUNDUR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum **miðvikudaginn 16. maí nk.**

kl. 20:00.

Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2017. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is

1. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.
2. Deiliskipulag í Gröf. Á fundinn mætir Oddur Hermannsson hjá Landform og fer yfir drög að deiliskipulagi.
3. Umræður og önnur mál.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps